



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Borgartún 26

105 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

31. október 2025

Umsögn Landverndar um tillögu ráðherra að breytingu á flokkun Kjalölduveitu og virkjanakosta í Héraðsvötnum. Mál nr. S-142/2025

Landvernd telur að breyting á flokkun verndarsvæðanna tveggja í Skagafirði og Þjórsárverum, yrði þungt högg fyrir náttúruvernd á Íslandi. Breytingin miðar að óafturkræfri nýtingu einhverra mikilvægustu og stærstu víðerna í Evrópu. Ráðherra þarf ekki að rökstyðja breytingartillöguna, en engu að síður spilar hann út hræðsluáróðri um skort og skömmtnun á rafmagni til heimila, í tengslum við tilfærslu Kjalöldu og Héraðsvötn í biðflokk í stað verndarflokks sem verkefnisstjórn um rammaáætlun leggur til.

Alvarlegt ójafnvægi hefur skapast milli framboðs og eftirspurnar á raforkumarkaði með tilheyrandi verðhækkunum. Að mati Landsnets eru meiri líkur en minni á raforkuskorti á næstu árum þar sem grípa þurfi til skömmtnunar til heimila og fyrirtækja. – segir í tillögunni.

Flokkun þessara kosta í biðflokk yrði í andstöðu við fræðasamfélagið, faglega nálgun í mati á náttúrusvæðum og væri þar með eyðilegging á stjórn tækinu rammaáætlun. Verkefnisstjórn hennar hefur ítrekað lagt til að virkjanakostirnir í Héraðsvötnum og Kjalölduveita fari í verndarflokk vegna ómetanlegra náttúruverðmæta, víðerna og vatnafars á báðum svæðunum. Þær tillögur hafa verið studdar víðtækum efnisrökum, eftir áralanga gagnaöflun, samanburð, greiningu og flokkun sem stendur óbreytt, nema önnur sjónarmið en náttúruvernd verði hærra skrifuð.

Rammaáætlun gegnir lykilhlutverki í að tryggja jafnvægi milli orkunýtingar og náttúruverndar – segir í tillögunni.

... segir í breytingartillögu ráðherra, um leið og hann hefur verndarrök verkefnisstjórnar á báðum þesum svæðum að engu, þar sem orkuöflun og verðmætasköpun gangi framur verndarsjónarmiðum. Landvernd sér ekki hvernig rammaáætlun getur gegnt lykilhlutverki í að tryggja jafnvægi, þegar stjórnvöld styðja við ójafnvægi, sem byggir á því að náttúran skuli aðeins njóta vafans, þegar ekki verður truflun á hagvexti og verðmætasköpun. Fræðimenn í faghópi 1 í rammaáætlun hafa lýst vinnunni og þeim þrýstingi sem þeir hafa starfað undir frá orkugeiranum alveg frá upphafi:



Sýn Landsvirkjunar á Kjalölduveitu árið 2025:

”Kjalölduveitu er ætlað að veita vatni úr farvegi efri hluta Þjórsár yfir í Kvíslaveitu sem fellur til Þórisvatns. Með því eykst orkunýting kerfisins verulega án þess að reist sé ný virkjun. Kjalölduveita er einhver allra hagkvæmasti virkjunarkostur á landinu.

Kjalölduveita yrði alfarið fyrir utan friðlandsmörk Þjórsárvera og hefði því engin áhrif á þau. Hún myndi hafa takmörkuð áhrif á sumarrennsli fossins Dynks, sem yrði áfram mikið sbr. mynd 6 í skýrslu ÍSOR [Kjalölduveita - Áhrif á vatnafar](#), eða svipað og í Gullfossi.”

Þessari sýn Landsvirkjunar hefur rammaáætlun aldrei deilt. Samfélagið við Þjórsá ekki heldur, en baráttan fyrir verndun Þjórsárvera og stórfossa Þjórsár, sem eru fleiri en Dynkur, á sér meira en hálfrar aldar sögu. Þá er rangt hjá Landsvirkjun að skerðing á rennsli Þjórsár að sumarlagi skilji samt eftir Dynk sem jafna má við Gullfoss. Hið rétta er að Dynkur er þegar stórskertur og verður enginn stórfoss eftir frekari skerðingu.

Verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar hafnaði því að taka fyrir Kjalölduveitu, því hún væri Norðlingaölduveita undir nýju nafni. Landsvirkjun ásakaði þá verkefnisstjórnina um lögbrot. Og aftur fór Kjalalda til rammaáætlunar og ekkert breyttist:

Sýn verkefnisstjórnar rammaáætlunar 3.áfanga á Kjalölduveitu:

„Í ljósi álita faghópa 1 og 2 telur verkefnisstjórn að þessi atriði breyti ekki forsendum fyrir verndargildi þess landsvæðis sem um ræðir og geti því ekki haft áhrif á flokkun virkjunarkostsins eins og hún var ákveðin í 2. áfanga rammaáætlunar. Helstu rök fyrir flokkun: · Breytingar frá rammaáætlun 2013 á útfærslu virkjunarkostsins breyta ekki forsendum fyrir verndargildi viðkomandi landsvæðis og flokkun þess í verndarflokk.“

Í sögunni af endurteknu mati á Norðlinga/Kjalölduveitu til friðunar er ekkert nýtt annað en að stjórnmalaflokkarnir hafa yfirgefið náttúruverndina. Nú segja þeir að færa þurfi fórnir í þágu loftslagsins og orkuskipta, áður töluðu þeir um nauðsyn þess að koma á stóriðju. Í dag talar Landsvirkjun um tækifæri til að nýta ómælt magn orku til gagnavera. Það er ekki fórn fyrir loftslagið og ekki orkuskipti heldur. Landsvirkjun hefur alla tíð þrástagað á hagkvæmni Kjalölduvirkjunar, og Norðlingaölduveitu - sama virkjanakosti, stundum sem eina möguleikanum fyrir því að eitthvert álverið yrði að veruleika og fyrirtækið hefur beitt sér af afli til þess að koma í veg fyrir verndun Þjórsárvera. Í eitt skiptið með því að koma í veg fyrir að stjórnvöld friðlýstu Þjórsárver. Eins og fram kemur í erindi Þóru Ellenar Þórhallsdóttur á nýlegu málþingi Landverndar og við tókum heilshugar undir.

<https://www.youtube.com/watch?v=QVnRZQafEpA>



Þótt orkugeirinn sé ákveðinn og fjársterkur er ábyrgð stjórnvalda að taka ákvarðanir og fara að faglegum rökum. Landsvirkjun á ekki, frekar en aðrir framkvæmdaaðilar, að vera ríki í ríkinu.

Sama er uppi á teningnum með Héraðsvötn og Þjórsárver. Það var enginn vafi um að Héraðsvötnin væru mikilvægt náttúruverðmæti sem þyrfti að vernda. Jökulárnar í Skagafirði eru ekki bara einhverjar ár. Eylendi á náttúruminjaskrá, Orravatnsrústir, víðáttumikil flæðiengi, náttúra sem myndar einstaka heild og er undirstaða lífs í Skagafirði, náttúru, dýralífs og samfélags.

Verkefnisstjórn um rammaáætlun mat þetta allt saman. Aftur og aftur og einkunnir sem skipuðu Héraðsvötnum í vernd voru mjög háar í mörgum þáttum. Eins og sjá má hér í erindi Skúla Skúlasonar af sama málþingi og Landvernd tekur heilshugar undir.

<https://www.youtube.com/watch?v=QVnRZQafEpA>

Það er engin tilviljun að spurt er í dag, hvort rammaáætlun eigi framtíð fyrir sér. Og að þær spurningar komi ekki aðeins frá orkugeiranum heldur líka frá náttúruverndinni, ef þau vinnubrögð verða fest í sessi að breyta rakalaust út af tillögum verkefnisstjórnar um verndun svæða. Landvernd tekur undir allar áhyggjur sem fram komu í umfjöllun sérfræðinga, sem starfað hafa í faghópum rammaáætlunar sem skipaðir voru til að meta verndargildi náttúru og landsvæða.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Flokks fólksins er lögð áhersla á aukna orkuöflun í þágu orkuöryggis, orkuskipta og verðmætasköpunar um allt land.

Að ofan má sjá rökin fyrir breytingartillögu núverandi orku, umhverfis og auðlindaráðherra ríkisstjórnarinnar. Í næstu setningu stjórnarsáttmálans segir frá því að styðja eigi við líffræðilega fjölbreytni og vernda ósnortin víðerni. Því miður er ekki hægt að gera það með því að gjörbreyta verðmætum svæðum, með veitum og virkjunum sem ógna fiskum, lífríki, stórum óröskuðum flæðiengjum, fuglum, votlendi, sífrera og víðernunum sjálfum. Samhengi þessara hluta hefur verið fullmetið, fengið háar einkunnir í verkefnisstjórn rammaáætlunar aftur og aftur. Stjórn Landverndar hvetur til þess að verndarflokkur rammaáætlunar verði látinn í friði, ómetanleg náttúra fái að njóta vafans og að vinna vísindafólks sem vann tillögur um verndarflokkun verði virt.

Landvernd minnir á ályktun náttúruverndarsamtaka í kjölfar fundar sem haldinn var um rammaáætlun:

Í kjölfar fundar um rammaáætlun álykta náttúruverndarsamtök að stjórnvöld hafi kosið að vanvirða faglegan grundvöll rammaáætlunar um verndun svæða. Mikið og gott starf hefur verið unnið við gerð rammaáætlunar en stjórnvöld nálgast þá vinnu eins og



vísindalegar niðurstöður af margvíslegum rannsóknum séu skoðun sem megi vera ósammála. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra breytir flokkun virkjanakosta án haldbærs rökstuðnings.

Landsvirkjun hefur fullyrt að „... stór hópur þeirra sem setið hefur þar í verkefnisstjórninni, hefur bara úttalað sig um það að það væri búið að virkja nóg á Íslandi og þá spyr maður sig; er það rétta fólkið til að meta þessi verkefni?“

Engin nöfn nefnd, engin dæmi um ófagleg vinnubrögð.[1] Spyrja verður hvort forstjóri Landsvirkjunar hafi umboð ríkisstjórnar þegar hann vegur á þennan hátt að fræðimönnum á vettvangi rammaáætlunar?

Með slíkri framkomu er verið að draga úr trúverðugleika Rammaáætlunar og allra þeirra rannsókna sem unnar hafa verið á hennar vegum.

[\[1\]](#) Hörður Arnarson í viðtali við fréttastofu RÚV 20. mars 2023

Með vinsemd og virðingu

Fyrir hönd stjórnar,

Þorgerður M Þorbjarnardóttir